

Mættir: Sverrir Björn, Pétur, Kristján, Sigurður Lárus, Finnur (mætti 11:30)

Boðuð forföll: Njáll og Ingvar

1. Fundargerð síðasta fundar, samþykkt.
2. Inntaka nýrra félaga
  - Eysteinn Heiðar Kristjánsson, Sj.fl. Húsavík, samþykkt.
  - Friðrik Tryggvason, Neyðarlína, samþykkt.
3. Starfið á milli funda:
  - Unnið hefur verið í máli á Ólafsvík, Snæfellsbæ verður stefnt.
  - BS Akstursmál, stjórnarformaður hefur skipt um skoðun. Fundur boðaður nk. föstudag. Von um lausn á þeim fundi.
  - Þing BSRB, Lagabreytingar.  
9 manna stjórn, Sverrir Björn orðinn varamaður í stjórn.  
Aðildargjald: Fast gjald + 0.x% af heildarlaunum.
  - Samstarfsnefnd sveitarfélaga hittist sl. fimmtudag vegna bókana með síðasta kjarasamningi. Fundurinn skilaði engu, mikið samskiptaleyfi tengt starfsmati.
  - Landsþing verður 15. – 16. apríl 2016.
  - Bréf hefur verið sent til ráðuneyta varðandi ISAVIA.
4. Fulltrúaráðsfundur, óformleg dagskrá rædd.  
Kjaramál, SALEK, BSRB, Fulltrúakosning, Þing LSS, málefni slökkviliða, Skólamál.
5. Skólamál, verða tekin fyrir á fulltrúafundi.
6. Skólamál MVS
  - MVS hefur óskað eftir tillögum er snúa að endurskoðun efnis í kennslubók, frestur til 1.mars.
  - Fagráð Brunamálaskólans, reglugerð ekki klár varðandi vald og verksvið. Gamla reglugerðin gildir þar til ný er komin.
  - Koma af stað 3-5 manna nefnd til að skoða námsefni?
  - ISAVIA er utan skólans vegna þess að það heyrir undir annað ráðuneyti.
  - Viðurkenndir staðlar kosta, því er námið ekki viðurkennt á erlendri grundu.
7. Tekin staðan á máli slökkvistjóra og varaslökkvistjóra hjá BÁ, litið alvarlegum augum hvernig staðið var að „lausn“ mála.
8. SALEK
  - SALEK skjal kynnt af Sverri Birni  
Rammaskomulag rætt  
Áhrif styttingu vinnuviku úr 40 í 36 tíma rædd.
9. Önnur mál
  - Rauði Haninn, sett verður fararstjórn sem ber ábyrgð á ferð. Afgangur varð eftir síðustu ferð sem var þá deilt niður á þá sem fóru.  
Uppgjör ferðar rætt og ákveðið að taka upp málið aftur á næsta stjórnarfundum.
  - Skipunarbréf til fulltrúa nefnda LSS, sbr Íþróttanefnd, orlofsnefnd ofl. Skipunarbréf kveður skýrt á um ábyrgð og vald fulltrúa.
  - Sjúkrasjóður ræddur, flutningur frá BSRB. Ákvarðanir ofl. séu ekki of tengdar atvinnurekendum.

Kristján Carlsson Gränz  
Ritari LSS